



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS  
*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1274*  
*komudagur 24. 2. 2003*

Reykjavík 24. febrúar 2003

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál.**

Alpýðusambandi Íslands hefur borist til umsagna tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál.

Alpýðusambandið styður framangreinda þingsályktunartillögu og leggur til að hún verði samþykkt. Um rök fyrir þessari afstöðu viðsast til greinargerðar með þingsályktuninni. Við þau er engu að bæta.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1173*  
*komudagur 20.2.2003*



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2003

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um réttarstöðu samkynhneigðs fólks, 132. mál.

BSRB styður tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Svanhildur Halldórsdóttir".  
Svanhildur Halldórsdóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1539*  
*komudagur 6. 3. 2003*

Allsherjarnefnd Alþingis.  
6. mars 2003

Þingsályktunartillaga allsherjarnefndar um bættu réttarstöðu samkynhneigðs fólks

Bréf þetta er frá FSS, félagi sam- og tvíkynhneigðra stúdenta

FSS fagnar framkominni þingsályktunartillögu allsherjarnefndar til að bæta réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Við dáumst að frumkvæði nefndarinnar og álitum að nú verði loksins hægt að stíga stórt réttarskref í baráttu samkynhneigðra. Við hvetjum til þess að tillagan verði samþykkt og komist sína venjubundu leið í gegnum Alþingi.

Við teljum að mikilvægi þes að jafna réttarstöðu samkynhneigðra í sambúð, hjónabandi og trúfrelsi sé mikilvægur þáttur til þess að berjast við fordóma sem sam- og tvíkynhneigðir mæta í samfélaginu. Ísland er því miður orðið aftarlega í þeirri réttindabaráttu við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við.

Fyrir hönd stjórnar FSS  
Guðlaugur Kristmundsson  
Formaður FSS

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Háskóla Íslands,  
28. febrúar 2003

Berist Allsherjarnefnd Alþingis  
Varðar: Þskj. 132 – 132. mál. 128. löggjafarþing 2002–2003.

**Umsögn frá FSS – Félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta, um þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks**

**Ágæta allsherjarnefnd**

Stjórn FSS hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar þeirra sem fram hefur komið um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og lýsir yfir eindregnum stuðningi við hana. Í greinargerð er gert ráð fyrir að helst séu tekin fyrir tvö atriði; réttur til að eignast og ala upp börn og í öðru lagi réttarstaða í sambúð.

Við viljum hvetja til þess að hin fyrirhugaða nefnd muni skoða einn þátt í viðbót þar sem samkynhneigðum er mismunað. Sá mismunur felst í því hvernig löggerningur staðfestar samvistar kemur til. Við myndum vilja sjá þann möguleika að leyfa trúfélögum að sjá um löggerning staðfestar samvistar. FSS vill þó alls ekki hvetja til þess að trúfélögum verði skylt að sjá um giftingu samkynhneigðra en við teljum að sá möguleiki verður að vera til staðar til að gæta jafnræðis. Trúfrelsi það sem er bundið í 63. grein Stjórnarskrárinnar nýtur sín að öðrum kosti ekki til fulls.

Vegna þessa tillagna mætti fyrsta efnisgrein greinargerðarinnar hljóma svo: (athugið að breytingar eru feitletraðar)

Hér á landi hafa verið stigin mjög mikilvæg skref í þá átt að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra í samfélaginu. Enn vantar þó nokkuð upp á að fullt jafnræði sé til staðar á þessu sviði og er afar brýnt að bæta þar úr. Koma hér fyrst og fremst til álita **þrjú** atriði, í fyrsta lagi réttur samkynhneigðra til að eignast og ala upp börn, **[og]** í öðru lagi réttarstaða samkynhneigðra í sambúð **og í þriðja lagi hvernig heimilt er að stofna til staðfestar samvistar.**

Samkynhneigðum er mismunað á grundvelli þess hvernig löggerningur sambands þeirra kemur til, en þeim er ekki heimilt að stofna til hans í trúfélagi sínu eins og



gagnkynhneigð pör. Það hlýtur að vera frelsi hvers trúfélags að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort að þeir gefi saman samkynhneigða en einnig hlýtur það að vera réttur hópa einstaklinga að stofna með sér félag sem að sér um löggerning þann sem um ræðir og einungis hefur mátt framkvæma af fulltrúa sýslumanns.

FSS er fjögura ára félag með yfir 200 félagsmenn. Við erum áberandi og öflugt félag sem tókum þátt í miklum atburðum innan skólans og utan. Félagið hefur skapað umræðu innan Háskólans og m.a. grundvöll þess að Námsráðgjöf HÍ hefur sérstaklega sérmenntað einn ráðgjafa í erfiðleikum sem nemendur geta lent í vegna kynhneigðar sinnar.

Við þökkum fyrir þann heiður að til okkar hafi verið leitað um umsögn vegna þingsályktunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar FSS,

Guðlaugur Kristmundsson  
formaður FSS 2002-2003



**Félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta**  
Stúdentaheimilinu við Hringbraut  
101 Reykjavík

gay.hi.is  
gay@hi.is



Alþingi  
Erindi nr. P 128/1387  
komudagur 28.2.2003

# Jafnréttisstofa


Alþingi  
Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjanefnd  
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2003.

**Efni: Þingsályktun varðandi réttarstöðu samkynhneigðs fólks mál nr. 132.**

Vísað er til erindis yðar vegna úttektar á réttarstöðu samkynhneigðra. Jafnréttisstofa fagnar tillögunni. Nokkuð hefur borið á því að samkynhneigðir leiti til Jafnréttisstofu vegna misréttis sem þeir telja sig verða fyrir. Mikilvægt er að tryggja að þessi samfélagshópur fái möguleika að leita réttar síns á svipaðan hátt og einstaklingar geta gert á grundvelli kynferðis skv. lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 96/2000.

Virðingarfyllst

  
Margrét María Sigurðardóttir, lögfræðingur.



**MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS**  
**THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER**

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1577*

Reykjavík 3. mars 2003

*komudagur 7. 3. 2003*


Til allsherjarnefndar Alþingis  
Alþingi við Austurvöll.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks.

Mannréttindaskrifstofan tekur eindregið undir efni tillögunnar og leggur til að hún verði samþykkt. Nokkuð er um liðið síðan nefnd á vegum dómsmálaráðuneytis fór yfir stöðu samkynhneigðra en út úr því starfi kom m.a. tillaga og síðar lög um að samkynhneigt fólk gæti staðfest sambúð sína með formlegum hætti. Vakti sú lagasetning athygli víða um heim. Eflaust er ýmislegt fleira sem vert er að skoða varðandi réttarstöðu samkynhneigðra svo sem hvort rétt er að setja nánari lagaákvæði um rétt fólks í óstaðfestri samvist eins og bent er á í greinargerð tillögunar. Þá má ekki síst nefna skyldu til fræðslu um samkynhneigð og baráttu gegn fordómum sem eru þó mun minni hér á landi en víðast annars staðar að sögn fulltrúa Samtakanna '78.

Virðingarfyllt

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

  
Kristín Ástgeirsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1275  
komudagur 24. 2. 2003

## Samtökin '78

Félag lesbía og homma á Íslandi

Laugavegi 3, 121 Reykjavík  
Sími 552 7878 – skrifstofa@samtokin78.is

Reykjavík 14. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Til allsherjarnefndar Alþingis  
Pskj. 132 – 132. mál. 128. löggjafarþing 2002–2003.

### Umsögn um þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks

Samtökin '78 fagna framkominni þingsályktunartillögu um skipun nefndar til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks og lýsa yfir eindregnum stuðningi við hana. Forysta félagsins telur að með tillögunni, eins og hún er útskýrð í greinargerð, sé tekið réttilega á þeim þáttum í málefnum samkynhneigðra sem brýnast er að skoða og gera tillögur um til úrbóta á næstu misserum.

Lengi hafa samkynhneigðir gert sér ljóst það misrétti sem felst í réttarstöðu sambúðarfólks á Íslandi eftir því hvort um óvígða sambúð gagnkynhneigðra er að ræða eða óstaðfesta samvist samkynhneigðra. Í mörgum ákvæðum laga ríkir og óvissa um það að hve miklu leyti unnt sé að leggja að jöfnu sambúð gagnkynhneigðra og samkynhneigðra og þeirri óvissu þarf að eyða. Með úttekt og væntanlegum tillögum stjórnskipaðrar nefndar til úrbóta má vænta réttarbóta sem boða nýjung á Norðurlöndum.


Í mannréttindabaráttu samkynhneigðra á síðasta áratug bar hæst réttinn til fjölskyldustofnunar og fjölskylduverndar og þeirri baráttu svaraði Alþingi með lögum um staðfesta samvist árið 1996 og breytingum á þeim lögum árið 2000 sem heimiluðu stjúptætleiðingar barna para í staðfestri samvist. Lög þessi gjörbreyttu lífi lesbía og homma hér á landi, ekki aðeins lífi þeirra sem nýttu sér ákvæði laganna og staðfestu samvist sína eða ættleiddu börn maka sinna stjúptætleiðingu, heldur fólu hinar nýju lagasetningar í sér mikilsverða viðurkenningu á lífsstíl og fjölskyldulífi lesbía og homma og breyttu viðhorfi alls samfélagsins til þeirra á jákvæðan hátt. Enn eru agnár á núverandi samvistarlögum með því að þörum í staðfestri samvist er ekki heimilt að ættleiða börn þeim óskyld og tæknifrjövgun á opinberum sjúkrahöfnum stendur konum í staðfestri samvist ekki til boða. Með þessum takmörkunum staðfesti löggjafinn á sínum tíma þá bábilju að samkynhneigðir séu lakari uppallendur en aðrir þó svo að hvergi finnist stafur fyrir slíku í þeim ótal mörgu erlendu rannsóknum sem kannað hafa hag barna í fjölskyldum lesbía og homma. Þær breytingar sem hafa átt sér stað á löggjöf þjóðríkja á borð við Svíþjóð og Holland á síðustu misserum undirstrika nauðsyn þess að kanna hvert stefnir í löggjafarmálum Vesturlanda og færa



síðan íslenska löggjöf nær nútímaviðhorfum í þeim efnum. Þær umfangsmiklu rannsóknir sem liggja að baki nýrri löggjöf Svía um ættleiðingar samkynhneigðra eru til dæmis gott dæmi um vinnubrögð löggjafans eins og þau gerast best.

Stjórn Samtakanna '78 gerir engar athugasemdir sem varða breytingar á efni eða orðalagi framkominnar þingsályktunartillögu en leggur áherslu á mikilvægi þess að hún hljóti skjóta og farsæla afgreiðslu á yfirstandandi löggjafarþingi svo að nefnd sú sem hér um ræðir megi hefja störf strax eftir samþykkt tillögunnar á Alþingi og ljúka verki sínu á þeim tíma sem kveðið er á um. Jafnframt fagnar stjórn félagsins því að tillagan skuli gera ráð fyrir þátttöku fulltrúa frá hagsmunasamtökum samkynhneigðra í væntanlegri nefnd og lýsir félagið reiðubúið til samstarfs á þeim vettvangi

F.h. stjórnar Samtakanna '78  
félags lesbía og homma á Íslandi

  
Þorvaldur Kristinsson  
formaður